



## 46. fundur stjórnar Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra

Fundur haldinn á Teams miðvikudaginn 11. janúar 2023 á Teams og hófst fundurinn kl. 12.00.

Fundinn sátu: Lára Halldóra Eiríksdóttir, formaður, Hilda Jana Gísladóttir, Helena Eydís Ingólfssdóttir, Sigurður Þór Guðmundsson, Þórunn Sif Harðardóttir, Þröstur Friðfinnsson. Albertína Friðbjörg Elíasdóttir framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð. Helgi Einarsson mætti ekki til fundarins.

### 1. Tillaga úthlutunarnefndar Uppbyggingarsjóðs

Formaður úthlutunarnefndar Uppbyggingarsjóðs, Hilda Jana Gísladóttir, greindi frá vinnu úthlutunarnefndar og kynnti niðurstöðu nefndarinnar um úthlutun 2023. Einnig sátu fundinn undir þessum lið Ari Páll Pálsson, Elva Gunnlaugsdóttir og Hildur Halldórsdóttir verkefnastjórar SSNE og voru til svara.

Alls bárust 173 umsóknir um styrki og heildarupphæð styrkja sem óskað var eftir var rúmlega 286 milljónir króna.

*Stjórn SSNE þakkar úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs og starfsfólki SSNE fyrir góða og vandaða vinnu. Stjórn samþykkir tillögu úthlutunarnefndar um úthlutun 2023. Úthlutað verður 70.001.400 milljónum króna úr Uppbyggingarsjóði.*

### 2. Undirbúningur umsókna um framlög til sértækra verkefna sóknaráætlanasvæða

Rætt um fyrirbyggjandi hugmyndir að umsóknum um framlög sem veitt eru á grundvelli stefnumótandi byggðaáætlunar fyrir árin 2022-2036 vegna verkefna sem tengjast aðgerð *C.1 Sértæk verkefni sóknaráætlanasvæða*, en umsóknir þarf að senda inn fyrir 20. janúar næstkomandi. Elva Gunnlaugsdóttir, verkefnastjóri SSNE sat fundinn undir þessum lið.

### 3. Efni til kynningar

- [Fundargerð 590. fundar stjórnar SASS frá 2. desember s.l.](#)
- [Fundargerð 87. fundar stjórnar SSNV frá 6. desember s.l.](#)
- [Fundargerð 88. fundar stjórnar SSNV frá 3. janúar s.l.](#)

### 4. Önnur mál

- Munnleg skýrsla framkvæmdastjóra.  
*Framkvæmdastjóri kynnti stuttlega það sem hefur verið efst á döfni síðustu vikur í starfsemi SSNE.*

Fundi slitið kl. 14.00.